

## **Ásfjall – fólkvangur.**

Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst sem friðland árið 1978. Í desember 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall umhverfis friðlandið.

Ástjörn er einstætt náttúrufyribæri sem á sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Þar er t.d. að finna flórgoðavarp en tegundinni hefur fækkað til muna frá því sem var á fyrri hluta 20. aldar. Í tjörninni er mikið smádýralíf sem er þó lítt rannsakað.

Bakkar tjarnarinnar eru raklendir og að norðaustanverðu er stórt mýrarstykki niður undan gamla Ásbænum.

Upp af votlendinu taka við þurrir grýttir móar sem eru að gróa upp.

Gangandi fólk er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí - 15. júlí) er öll umferð um friðlandið óheimil.

Gunnar Ólafsson og Guðríður Þorvarðardóttir skrifuðu grein um Ástjörn í Náttúrufræðinginn ári 1998. Þar kemur fram m.a.

### **Tilurð Ástjarnar**

Ástjörn á tilveru sína að þakka hrauni sem hefur lokað fyrir eðlilegt afrennsli vatns úr dalkvosinni sem tjörnin er í. Ástjörn er því uppistöðutjörn sem er lokað af hraunstíflu. Vötn og tjarnir af slíkri gerð einkennast af því að þau eru oft vogskorin og tiltölulega næringarrík og ber Ástjörn af hvað dýralíf og gróður snertir. Hraunið sem myndar stífluna liggur að tjörninni vestanverðri.

### **Gróður í og við Ástjörn**

Við Ástjörn eru ýmsar gerðir gróðurlenda: votlendi, lyngmóar og bersvæðisgróður auk gróðurs í hraun sprungum. Fjölbreytilegur gróður vex í tjörninni og næsta nágrenni hennar.

Í suðausturenda tjarnarinnar vex tjarnastör á allstóru svæði. Í þessum fláka verpir flórgoðinn en hann byggir sér flothreiður, einn íslenskra fugla, og notar m.a. störina til þess.

Nokkrar sjaldgæfar plöntur vaxa í tjörninni og má nefna tjarnarlauk, sem vex á botni hennar, álfalauk sem vex að jafnaði á kafi í vatni og sennilega einnig vatnalauk. Blautasti hluti mýrlendisins er prýddur hófsóleyarbrúskum á vorin en síðsumars skartar engjarósinn þar dökkrauðu.

Burknar eru algengir í hrauninu við Ástjörn, t.d. og stóriburkni, fjöllaufungur og þríhrynburkni en gróður í hraungjótum líkist annars mjög þeim gróðri sem finnst í skógarbotnum.

Í móunum vestan við Ástjörn vex blátoppa. Einnig má þar finna gullkoll og í graslendinu við Stekk má síðsumars sjá stórar breiður af maríuvendi.

### **Fuglalíf við Ástjörn**

Við Ástjörn má finna kjörlendi allmargra fuglategunda. Nokkrar tegundir verpa þar að staðaldri en Ástjörn er einnig viðkomustaður ýmissa tegunda á leið til og frá landinu. Almennt má segja að ein meginforsendan fyrir fjölbreyttri varpfuglafánu á tilteknu svæði sé margbreytileiki í gerð búsvæða.

Nokkrir mjög sjaldgæfir fuglar hafa einnig sést við Ástjörn og má þar til nefna trjámáf, svo og dvergmaf og kolpernu (Arnþór Garðarsson 1979).

## Flórigoðinn

Flórigoðinn er minni en minnstu endur og í varpbúningi með einkennandi gullna eyrnaskúfa á dökku höfðinu. Flórigoðinn verpir við ferskvötn þar sem hann hefur fæðu og varpstaði við sitt hæfi. Algengast er að sjá flórigoða kafa eftir æti en þeir tína líka af vatnsborðinu. Flórigoðinn er einstakur meðal íslenskra fugla því hann er algjörlega háður vatnalífi og fer ekki einu sinni á land til að verpa, heldur gerir sér flothreiður sem hann festir í stór eða annan vatnagróður. Flórigoðar ættu að hafa fæðu við sitt hæfi í Ástjörn og vötnum í nágrenninu eins og Urriðakotsvatni og Vífilsstaðavatni, en ákjósanleg varpskilyrði er aðeins að finna í tjarnarstarabreiðunum við Ástjörn og Urriðakotsvatn.

## Ásfjall

Ásfjall ofan við Hafnarfjörð er hæst 127 m.y.s. og því með lægstu fjöllum á Íslandi, í raun einungis grágrýtishæð. Fyrir neðan fjallið er Ástjörn en hvorutveggja ber nafn af bænum Ási sem áður stóð þar en þar var einnig jörðin Stekkur. Á svæðinu eru allnokkrar friðaðar menningarminjar, svo sem vöður, landmerki, bæjarstæði, hleðslur auk minja frá stríðsárunum. Fyrr á öldum lágu margar leiðir milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur og voru það ýmist vegir, götur eða stígar. Þegar ferðamenn ætluðu Stórhöfðastíg var farið frá Hafnarfirði upp hjá Jófríðarstöðum, um hlaðið í Ási, og oft gist þar ef menn komu t.d frá Reykjavík.

Á toppi Ásfjalls er mikil varða sem á sér langa sögu en hún nýttist einkum sjómönnum sem leiðarmerki. Hún vísaði leið fyrir Valhúsagrunn þegar hún bar í Vesturkot á Hvaleyri og þegar hún bar í Valahnjúka vísaði hún á fengsæl fiskimið, Ásvörðuslóð á Suður-Sviði á Faxaflóa. Saga Ásvörðu er gömul en eftirfarandi frásögn er eftir Ólaf Þorvaldsson: „Árið 1897 eða '98 sjer heimafólk að Ási, sem stendur undir fjallinu, hvar maður er kominn að vörðunni, og hefst þar nokkuð að, með fyrirgangi miklum./.../ Móður mín bað vinnumann fara og vita hvað hann væri þar að aðhafast, og fór jeg með sem forvitinn krakki. Þegar að vörðunni kom, er þar fyrir stór og þrekinn maður, gengur hann móti okkur með miklu málæði og handapati, skildist okkur strax að hjer var kominn danskur maður. Mikið vildi maðurinn við okkur tala, en heldur gekk það samtál báglega, því hvorttveggja var, að við vorum ekki sterkir í dönskunni og jeg held hann þó enn linari í íslenskunni. Þó skildist manninum, sem með mjer var, að sá danski meinti að stækka þyrfti vörðuna, og helst vegna innsiglingar til Hafnarfjarðar. /.../ Nokkrum dögum síðar kemur stór hópur manna enn að vörðunni og voru þar komnir allmargir skipverja, bæði yfir- og undirmenn af danska eftirlitsskipinu Heimdalli, sem á þeim árum var nokkuð hjer við land og var þá oft tíður gestur á Hafnarfirði. Menn þessir taka til og bera grjót að hinni gömlu vörðu og er hún á skömmum tíma orðin bæði há og gild. — Þessar tiltektir ljetu menn sjer vel líka, varðan sást bara betur utan af Sviði eftir en áður.“ Á stríðsárunum tóku setuliðsmenn töluvert af grjóti úr vörðunni, m.a. til að hlaða skotbirgi en það var skátasveit frá Hraunbúum sem síðar endurhlóð vörðuna.